

Ársskýrsla fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu 2021-2022

Fagráðið skipa: Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Guðbjörg María Árnadóttir, Sírý Sif Sigurlaugardóttir, Sigrún Þórarinsdóttir og Þorbjörg Árnadóttir.

Fagráð fagdeildarinnar heldur úti Facebookhóp þar sem nú er 51 meðlimur, þar af eru 25 sem taka virkan þátt skv. sjálfvirkri tölfraði hópsins. Þar eru að jafnaði settar inn tvær til þrjár færslur á viku, ýmist um störf, viðburði eða álitamál. Umsagnarbeiðnir eru birtar í hópnum og meðlimum boðið að senda inn athugasemdir og tillögur.

Meðlimum fagdeildarinnar stóð til boða að fylgjast með netfyrirlestri 30. nóvember 2021 á vegum Vinnuvistfræðifélags Íslands um Öryggi, heilsu og velferð starfsfólks í heimaþjónustu. Dr. Ryan Olson vinnu- og heilsusálfræðingur hélt erindi. Fyrirlesturinn var auglýstur í Facebookhópi fagdeildarinnar og Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) sendi út tölvupóst.

FÍ er félagi í Öldrunarráði og hefur fagdeildin tekið þátt í starfi þess sem fulltrúi félagsins. Ársskýrsla Öldrunarráðs er aðgengileg á heimasíðu þeirra og prentað eintak má lesa á skrifstofu FÍ. Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands fór fram 29. nóvember 2021 í streymi á teams. Fulltrúar FÍ á fundinum voru Sírý Sif Sigurlaugardóttir og Ásta Kristín Guðmundsdóttir.

Fulltrúar fagdeildarinnar tóku þátt fyrir hönd FÍ á málstofunni Málefni aldraðra á flakki – hver er þín framtíðarsýn. Málstofan var samstarfsverkefni Félagsráðgjafafélags Íslands, Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. Málstofan fór fram í streymi 18. nóvember 2021.

Tvisvar á ári er auglýsing frá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands um viðbótarnám í öldrunarfræðum og öldrunarþjónustu fylgt eftir með auglýsingum bæði í facebookhópi fagráðsins og póstlista FÍ. Meðlimir fagdeildarinnar sem ekki hafa orðið sér úti um viðbótarmenntun í málaflokknum eru hvattir til að afla hennar. Afar ánægjulegt er að þrjár námsleiðir eru í boði fyrir félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu sem vilja bæta við sig menntun á háskólastigi; Öldrunarfræði rannsóknarnám MA, Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum, NordMaG og viðbótardiplóma í öldrunarþjónustu.

Fulltrúar fagdeildarinnar tóku þátt á málþingi sem bar yfirheitið: *Ofbeldi snertir allt samfélagið*. FÍ og Félagsráðgjafardeild HÍ stóðu fyrir málþinginu. Sigrún Ingvarsdóttir félagsráðgjafi og deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis flutti erindið *Hverjir beita aldraða ofbeldi?* Málþingið fór fram á Hótel Reykjavík Natura 26. október 2021 en var einnig aðgengilegt í streymi. Málþingið var samvinnuverkefni fagdeilda FÍ í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, félagsþjónustu, fræðslu- og skólaþjónustu, fötlunarmálum, heilbrigðisþjónustu og öldrunarþjónustu.

Í október sl. tók fulltrúi fagráðsins, Sigrún Þórarinsdóttir, þátt í fundi með stjórn FÍ og öðrum deildum og nefndum félagsins. Í ágúst sl. skilaði FÍ umsögn um *drög að heilbrigðisstefnu fyrir aldraða* sem fagráðið tók þátt í að semja. Sama gildi um umsögn við *tillögu til þingsályktunar*

um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða sem skilað var inn í júní og umsögn um breytingu á lögum um almannatryggingar (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna) sem skilað var í maí.

Undirrituð sem fulltrúi fagdeildarinnar skrifaði stutta grein í sérblað Fréttablaðsins, *Efri árin* með titlinum *Hvað gera félagsráðgjafar í öldrunarþjónustu?* Greininni var vel tekið og víða dreift.

Hvað gera félagsráðgjafar í öldrunarþjónustu?

Hefur þér verið boðið að ræða við félagsráðgjafa? Veistu hvað félagsráðgjafi í öldrunarþjónustu gæti aðstoðað þig með?

Félagsráðgjafar í öldrunarþjónustu starfa víða, til dæmis hjá sveitarfélögum, á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, á ýmsum stofnunum, hjá frjálsum félagsamtökum og sjálfstætt við samtalsmeðferð og ráðgjöf á stofum.

„Hækkandi aldri geta fylgt ýmsar jákvæðar breytingar. Einhver hættu að vinna, fara að skoða hentugra húsnæði, hafa meiri frítíma og læra eitthvað nýtt. Svo geta fylgt breytingar sem eru erfiðari. Til dæmis að upplifa missi vina, ættingja eða maka, missa eigin heilsu og það sem mörgum þykir fyrirvígðanlegt: að þiggja þjónustu inn á eigið heimili,“ segir Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi MA á fjöskýldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Sirrý Sif segir félagsráðgjafa geta leiðbeint eða aðstoðað við þessar breytingar, bæði þær góðu og hinar sem eru ekki eins góðar.



Hækkandi aldri fylgja ýmsar breytingar og þá byðst margvísleg þjónusta.



Sirrý Sif Sigurlaugardóttir er félagsráðgjafi MA.

„Skipulag og framkvæmd öldrunarþjónustu er nokkuð sem fæstir velta fyrir sér þar til það er orðið þeim nauðsynlegt. Eðlilega. En það getur skipt máli að vita hvernig kerfið er og hvernig það virkar. Hvaða rétt hef ég, hvenær get ég sótt hann og hvert sæki ég hann? Því getur félagsráðgjafi svarað,“ greinir Sirrý Sif frá.

Svörin fást hjá félagsráðgjöfum

Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti en til að öðlast starfsréttindi sem félagsráðgjafi þarf að ljúka þriggja ára BA-námi og í framhaldinu tveggja ára MA-námi frá Háskóla Íslands eða sambærilegum háskóla erlendis. Að loknu námi geta þeir sótt um starfsleyfi hjá Embætti landlæknis og leyfi

til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

„Félagsráðgjafi getur svarað spurningum um þjónustu sem er í boði á þínu svæði á hverjum tíma, hvar þarf að byrja og hvernig þjónustan er skipulögð. Við veitingu opinberra þjónustu er lagt upp með minnsta inngrip fyrst, áður en ákvarðanir sem geta verið íþyngjandi fyrir einstaklinginn eru teknar. Það birtist meðal annars í þeirri kröfu að eldra fólk fái smám saman aukna þjónustu inn á eigið heimili áður en til þess kemur að sækja um dagdvöl, þjónustubúð, hvíldarinnlagnir eða hjúkrunarými. Einhverjum kann að þykja það óréttlát, en í grunnninn er verið að standa vörð um rétt einstaklingsins til að fá þjónustu við hæfi á hverjum tíma. Félagsráðgjafi getur aðstoðað, útskýrt og leiðbeint á öllum stigum málsins. Við mælum því með samtali við félagsráðgjafa ef þú eða þínir hafid spurningar um öldrunarþjónustu,“ segir Sirrý Sif. ■

Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu innan FI: félagsradgjof.is

Vegna covid og viðvarandi álags í tengslum við það nær alls staðar þar sem félagsráðgjafar starfa hafa hvorki verið morgunverðarfundir né vettvangsheimsóknir á vegum fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu eins og oft var áður fyrr. Vonandi verður hægt að endurvekja það og ýmislegt fleira á komandi starfsári.

SIRRÝ SIF SIGURLAUGARDÓTTIR

Fyrir hönd fagráðs fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu